

## REGLUGERÐ

### um gjald af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

#### 1. gr.

Á tímabilinu 1. október til og með 31. desember 1989 skal ekki greiða sérstakt gjald samkvæmt 2. gr. laga nr. 13/1988 af ísfiski sem fluttur er óunninn á erlendan markað.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 13, 16. mars 1988 og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 187, 12. apríl 1989.

*Sjávarútvegsráðuneytið 27. september 1989.*

F. h. r.

**Jón B. Jónasson.**

*Pórður Eyþórsson.*

## REGLUGERÐ

### um gjöld fyrir þjónustu veitta af Ríkismati sjávarafurða.

#### 1. gr.

Ríkismat sjávarafurða skal taka gjald fyrri hæfnisvottorð, sem það gefur út til fiskiskipa og vinnsluleyfi, sem það gefur út til fiskvinnslustöðva.

Vinnslustöðvar og fiskiskip skulu hljóta vinnsluleyfi og hæfnisvottorð að jafnaði einu sinni á ári. Greiða skal gjald samkv. 3. og 5. gr. fyrir vinnsluleyfi og hæfnisvottorð.

Ríkismatið skal taka gjald vegna útgáfu útflutningsmatsvottorða.

#### 2. gr.

Ríkismatið skal taka gjald fyrir eftirlit og mat á afurðum þ. m. t. reglubundið framleiðslueftirlit og mat á ferskum fiski til útflutnings og störfum sem því tengjast.

Þegar matsmaður hefur lokið störfum hverju sinni samkvæmt 1. mgr., skal hann skrifa vinnuskýrslu með tilgreindum fjölda dag- og eftirvinnustunda, sem hann hefur unnið og skal vinnuþegi eða trúnaðarmaður hans staðfesta hana með undirskrift sinni.

Ríkismatið reiknar út launakostnað samkvæmt vinnuskýrslum, sem um getur í 2. mgr. Fyrir hverja dagvinnustund skal taka kr. 800, en fyrir hverja yfirvinnustund kr. 1200 miðað við launavísitölu í júní 1989 og tekur sú upphæð breytingum í samræmi við þróun launavísitölu. Aldrei skal reikna minna en þrjár klst. fyrir þessi störf.

Heimilt er að taka sérstakt yfirtöku- og útflutningsmatsgjald fyrir hverja tunnu saltaðra hrognna í stað launakostnaðar samkvæmt 1. og 2. mgr. samkvæmt nánari ákvörðun ráðuneytisins hverju sinni. Á sama hátt er heimilt að taka sérstakt gjald fyrir hvern gám, sem fiskur er ísaður í til útflutnings.

Séu gerðar efnagreiningar og/eða gerlaprufur, skulu þær greiddar samkvæmt reikningi.

Útflytjendum og samtökum útflytjenda er skylt að greiða fyrir hönd umbjóðenda sinna reikninga, sem gefnir eru út vegna útgáfu vinnsluleyfa, löggiltra dagbóka, eftirlits og mats og útgáfu útflutningsmatsvottorða svo og efnagreininga og gerlaprufa.